



GAMMA: Iceland Liquidity Fund

GAM Management hf.

GAM Management hf.
Klapparstígur 29
101 Reykjavík

30. júní 2011

GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánnum fjármálafyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýslupóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Helstu upplýsingar

Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,40%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	lægri en 1 ár
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólguþengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.


Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: LIQUIDITY var stofnaður 13. apríl 2011. Ávöxtun í júní var 0,24% og hefur sjóðurinn hækkað um 0,65% frá stofnun.

Fjárfest hefur verið að mestu í stuttu skuldabréfi ríkissjóðs með lokagjaldþaga í júlí og ríkisvíxlum til þessa, ásamt því að binda til skamms tíma fjárfestingar í innstæðum.

Seðlabanki Íslands hefur staðfest að vaxtalækkunarferli sé lokið. Spurning er hvort þeir hækki vexti miðað við þá verðbólgu sem er til staðar til að viðhalda jákvæðu raunvaxtastigi á haustmánuðum. Flestum ber þó saman um að staða hagkerfisins í sjálfu sér kalli ekki á hækkanir vaxta heldur frekar að þær muni jafnvel valda enn frekari stöðnun hagkerfisins.

Eignasamsetning



Stærstu eignir:

RIKB 11 0722	24,6%
Innlán Arion Banki	19,7%
Innlán MP Banki	19,8%

Gengisþróun og ávöxtun

Ávöxtun


1 mán	0,24%
stofnun*	0,65%

Kennitölur

Hrein eign [m.kr.]:	1.014
Verðtryggt:	4,0%
Meðallíftími ár:	0,40

*stofndagur 13. apríl 2011

Gengisþróun GAMMA: LIQUIDITY



Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfatými

Valdimar Ármann
s: 519 3304
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Gisli Hauksson
s: 519 3301
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
s: 519 3303
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
s: 519 3302
agnar@gamma.is

Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglja eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.